



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð

70. Fjórðungshings Vestfirðinga að vori

Ísafirði 2. apríl 2025

Miðvikudaginn 2. apríl 2025, var 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori, haldið í sal Edinborgarhússins, Aðalstræti 7, Ísafirði og hófst kl. 13:00.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Gylfi Ólafsson formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 13:01 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Gylfi gerði að tillögu að þingforseti yrði Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað. Tillagan var samþykkt og tók þingforseti Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna. Þingforseti gerði að tillögu sinni að varaþingforseti yrði Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi og að þingritari yrði Magnús Þór Bjarnason starfsmaður Vestfjarðarstofu. Tillagan samþykkt.

Þingforseti tilkynnti að samkvæmt skráningu þingfulltrúa væri mætt fyrir 7287,68 atkvæði, eða 76% atkvæða en ónýtt atkvæði væru 2288,02.

Þingforseti fór yfir boðaða dagskrá og lagði til að dagskrárliðir tvö (ársreikningur) og þrjú (endurskoðuð fjárhagsáætlun) séu teknir saman og umræður verði eftir að endurskoðuð fjárhagsáætlun hefur verið lögð fram. Samþykkt einróma.

Þingforseti minnti á að skv. 5 gr. þingskapa skulu fulltrúar tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu undir liðnum önnur mál og jafnframt skuli geta flutningsmanna.

Þingforseti kynnti að en áður gengið yrði til boðaðar dagskrár, þá hefði Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdsastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga óskað eftir að ávarpa þingið og bauð þingforseti hann velkomin til þingsins.

Í ávarpi Arnars Þórs var komið inn á verkefni sambandsins gagnvart nýrri ríkisstjórn og mikilvægi að byggja upp traust og virðingu á milli þessara tveggja stjórnstiga Íslands. Sambandið verður 80 ára í ár og ýmsir viðburðir því tengdu og nefndi Arnar sérstaklega umfjöllun um íþróttu og skólakerfið sem væri stolt íslenskra sveitarfélaga.

Því næst var gengið til dagskrár

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á

Þingforseti gaf Gylfa Ólafsyni formanni Fjórðungssambandsins orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Vísað er að öðru leyti í þingskjali 4.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðanda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á

Þingforseti gaf orðið til Braga Þórs Thoroddsen, Súðavíkurreppi, fyrir hönd fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins í forföllum formanns nefndarinnar.

Fór hann yfir ársreikning fyrir árið 2024 sem var staðfestur á stjórnarfundi 12. mars 2025 en fyrir lá einnig samhljóða tillaga fundar fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins frá 3. mars 2025. Ársreikningur var kynntur sveitarfélögum og settur á heimasíðu með gögnum þingsins 21. mars s.l..

Bragi kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2024. Hann kynnti niðurstöðu rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymi og að með ársreikningi fylgdu skýringar og rekstrarreikningur þriggja deilda, en vísaði að öðru leyti til gagna þingsins og svaraði fyrirspurnum, einnig tók Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri þátt í að svara fyrirspurnum, kom fram að rekstarniðurstaða deilda væri samræmi við áætlun. Skýringar með ársreikningi og fyrir rekstri einstakra deilda Fjórðungssambandsins vísast til þingskjals nr. 5a.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, kom með ábendingu um rangt tölugildi lífeyrirskuldbindingar í skýrslu stjórnar, en efnahagsreikningur gefur rétta krónutölu 9.496.663,-.

Á grundvelli tillögu fjárhagsnefndar og samþykki stjórnar Fjórðungssambandsins þá gerði Bragi að tillögu til þingsins að ársreikningur verði samþykktur.

Þingforseti bauð Braga að halda áfram með framsögu og fjalla um endurskoðaða fjárhagsáætlun 2025.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár

Bragi kynnti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2025. Fjárhagsáætlunin var staðfest á stjórnarfundi 12. mars 2025 en fyrir lág einnig samhljóða samþykkt tillögu fundar fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins 3. mars 2025. Endurskoðuð fjárhagsáætlun var send til sveitarfélaga 21. mars 2025 ásamt minnisblaði sviðsstjóra um efni áætlunarinnar og er það minnisblað einnig í gögnum þingsins, vísast að öðru leyti til þingskjala nr. 5b og 5c.

Fór Bragi yfir helstu breytingar í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2025 í samanburði við fjárhagsáætlun sem samþykkt var á 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti. Við gerð áætlunar var einnig stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2024. Aðalsteinn veitti einnig nánari upplýsingar varðandi einstaka liði og breytingar á þeim.

Tekjuáætlun

Rekstrartekjur nema 303 mkr og hækka um 40,1 mkr, Breytingar skýrast af auknum framlögum til aðgerða Byggðaáætlunar og breytingu á framsetningu framlags Skipulagssjóðs.

Gjaldaáætlun

Rekstrargjöld nema 302,3 mkr og hækka um 40,1 mkr frá fjárhagsáætlun 2024, mestmegnis vegna aukins verkefnafjármagns sem greitt er óskert til verkefna s.s. aðgerða Byggðaáætlunar og svæðisskipulags og annarra aðila sem sjá um framkvæmd verkefna.

Rekstarniðurstaða.

Rekstarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnstekna er áætluð jákvæð 640 þkr, en áætluð neikvæð rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði nemur 1,2 mkr. Fram kom að varasjóður stjórnar mun hækka um 2 mkr og mun nema 9 mkr í upphafi ársins.

Bragi og Aðalsteinn vísuðu að öðru leyti til þingskjals 5b fjárhagsáætlun og þingskjals 5c greinargerð með fjárhagsáætlun.

Þingforseti gaf orðið laust um ársreikning 2024 og tillögur að endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2025. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Þingforseti bar upp tillögu um að samþykkja ársreikning og skýrslu stjórnar 2024 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Tillagan samþykkt einróma.

4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.

Gylfi Ólafsson kynnti tillögu stjórnar að dagsetningu og málefni 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, þingskjal 6.

Tillagan gerir ráð fyrir að haustþing verði haldið 16. og 17. September 2025 í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Umfjöllunarefni þingsins verði drög að auglýsingartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða og kynning á tillögu að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029, samkv. þingskjali 6.

Þingforseti gaf orðið laust og óskaði eftir öðrum tillögum um umfjöllunarefni á 70. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti 2025.

Engin kvaddi sér hljóðs,

Þingforseti gerir að tillögu sinni að umfjöllunarefni þingsins verði samkvæmt tillögu stjórnar.

Tillagana samþykkt einróma.

6. Önnur mál löglega fram borin

Þingforseti gaf Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur, Ísafjarðarbæ orðið

a) Kosning aðalmanns í stjórn FV

Sigríður kynnti að kjörnefnd Fjórðungsþings Vestfirðinga hefði komið saman til fundar þann 1. apríl s.l.. Frá 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti þá hafa þrír fulltrúar misst kjörgengi þ.m.t. formaður en viðkomandi sveitarfélög hafa skipað nýja fulltrúa í þeirra stað. Á fundinum þann 1. apríl kaus nefndin Sigríði sem nýjan formann nefndarinnar.

Sigríður kynnti að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefði þann 18. mars s.l. verið tilkynnt að hálfu bæjarstjórnar Vesturbyggðar, að Tryggvi B Bjarnason, fulltrúi úr Vesturbyggð í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hafi sagt sig úr bæjarstjórn Vesturbyggðar og því misst kjörgengi í bæjarstjórn og þannig samhliða sæti aðalmanns í stjórn Fjórðungssambandsins.

Í samræmi við samþykktir Fjórðungssambands skal kjósa nýjan aðalmann strax á næsta ársþingi frá því fulltrúi missir kjörgengi. Með tilvísan í þingskjal nr 8, þá er tillaga nefndarinnar að Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð verði kjörinn aðalmaður í stjórn Fjórðungssambandsins í stað Tryggva.

Þingforseti kannaði hvort fleiri tillögur væru um kjör aðalmanns. Engin tillaga kom fram.

Þingforseti bar tillögu kjörnefndar, samkvæmt þingskjal nr 8, upp til atkvæða. Tillagan samþykkt samhliða.

b) Tillaga um endurskoðun atkvæðavægis sveitarfélaga

Þingforseti gaf Gerði Sveinsdóttur, bæjarstjóra í Vesturbyggð orðið. Gerður lagði fram tillögu ásamt greinargerð, um endurskoðun atkvæðavægis sveitarfélaga innan Fjórðungssambands Vestfirðinga með vísan til þingskjals nr 7. Þingskjalið var kynnt samhliða útsendingu á boðaðri dagskrá þingsins þann 21. mars s.l. .

Þingforseti gaf orðið laust um efni tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti bar upp tillögu samkvæmt þingskjal 7 til atkvæða. Tillagan samþykkt samhliða.

c) Kynning og umræða um efni að drögum vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050

Þingforseti gaf Lilju Magnúsdóttur, formanni og Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur, varaformanni Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða orðið.

Þær fóru yfir starf svæðisskipulagsnefndar frá 69. Fjórðungsþingi að hausti, en frá því þinginu lauk í október s.l. hefur nefndin haldið átta fundi, þar af tvo staðfundi.

Á þessum tíma hefðu verði afgreidd frumdrög svæðisskipulagsins á grundvelli umsagna um lýsingu svæðisskipulagsins. Í framhaldinu var tekið til við gerð vinnslutillögu svæðisskipulagsins. Hvöttu þær sveitarstjórnarfulltrúa að nýta sér vinnuvefsjá svæðisskipulagsins til samráðs og til að koma að ábendingum.

Þingforseti gaf nú orðið til Herdísar Sigurgrímsdóttur, sérfræðingi VSÓ ráðgjöf og Hrafnkeli Proppé, skipulagsráðgjafa, Urbana ehf. Þau kynntu drög að markmiðum og rökstuðningi svæðisskipulagsins.

Kafla 3. Náttúra og auðlindir

Kafla 4. Grunnkerfi – stoðir samfélags

Kafla 5. Samfélagsþróun og samstarf

Óskað var eftir ábendingum og fyrirspurnum jöfnum höndum við umfjöllun hvers kafla.

Til máls tóku. Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri, Bolungarvíkurkaupstað, Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ, Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi, Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri, Ísafjarðarbæ, Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð, Lilja Magnúsdóttir, formaður Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða einnig Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdarstjóri, Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri Vestfjarðastofu.

Hrafnkell og Herdís kynntu að ólokið væri umfjöllun um kafla 6 - Atvinnulíf og nýsköpun og kafla 7 – Menningarauður. Unnið yrði að efni þeirra nú í apríl og hvöttu þau þingfulltrúa og aðra kjörna sveitarstjórnarfulltrúa og starfsmenn sveitarfélaga á skipulagssviði að vera virk á vinnuvefsjá þegar efni um kaflana kemur fram.

Stefnt væri að leggja fram vinnslutillögu í júní n.k., en áður yrði leitað sjónarmiða hagaðila og áfram nánu samráði við sveitarstjórnir m.a. ef óskað er, að taka sérfundum með þeim.

Að lokum þökkðu Herdís og Hrafnkell fyrir góða umræðu og ábendingar um efni, framsetningu og tillögur hvernig mætti standa að kynningu svæðisskipulagsins.

Þingforseti þakkaði Herdís og Hrafnkeli fyrir þeirra kynningu. Þingforseti tilkynnti síðan að hún yrði að víkja af þinginu, hún þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing og fól Jóhönnu Ösp Einarsdóttur, varaþingforseta stjórnun þingsins.

Þingforseti kynnti að komin væri fram beiðni frá Gylfa Ólafssyni, Ísafjarðarbæ, um að leggja fram ályktun á þinginu. Með vísan til 8. gr þingskapa þá ætti að ræða tillögur í tveim umræðum nema þingið samþykkti annað. Þingforseti gerði að tillögu til þingsins að ein umræða færi fram um efni ályktunar og var sú tilhögun samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf nú Gylfa Ólafssyni orðið. Hann kynnti efni ályktunar *Þrenna sértækra Vestfjarðaskatta*, samkvæmt þingskjali 9.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal 9, enginn kvaddi sér hljóðs og bar þá þingforseti upp efni þingskjalsins til samþykktar þingsins. Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga til hausts 2025

Þingforseti þakkaði fyrir gott þing og gaf orðið til formanns til að fresta þinginu kl 16.02.

Gylfi Ólafsson, formaður stjórnar Fjórðungssambandsins þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing, þingforsetum fyrir fundarstjórn og starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir skipulag og umgjörð þingsins. Hann frestaði síðan 70. Fjórðungsþingi Vestfirðinga til þriðjudags 16. september 2025.

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, þingforseti

Magnús Þór Bjarnason, þingritari

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, varaþingforseti

Þingskjal 1, Dagskrá

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/thingskjal-1-dagskra-70.-fjordungsthings-vor.pdf>

Þingskjal 2 Atkvæðavægi

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/thingskjal-2-atkvaedavaegi-2025.pdf>

Þingskjal 3. Samþykktir og þingsköp

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/samthykk-tir-og-thingsk-19.okt2024.pdf>

Þingskjal 4. Skýrsla stjórnar

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/thingskjal-4-skyrsla-stjornar-og-raeda-formanns.pdf>

Þingskjal 5a. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2024

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/arsreikn-fjordungssamband-2024.pdf>

Þingskjal 5b. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2025

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/thingskjal-5b-endusk-fjarhagsaaetlun-fv-2025-tillaga-stjornar-12.mars25.pdf>

Þingskjal 5c. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 – Greinargerð

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/70thing/70vor/thingskjal-5c-endursk-fjarhagsaaetlun-fv-2025.pdf>

Þingskjal 6. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefni

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/70thing/70vor/thingskjal-6-umfjollunarefni-stadur-og-dagsetning-70.-fjordungsthings-ad-hausti.pdf>

Þingskjal 7. Tillaga um endurskoðun atkvæðavægis sveitarfélaga

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/70thing/70vor/thingskjal-7-tillaga-um-endurskodun-atkvaedavaegis-sveitarfelaga.pdf>

Þingskjal 8. Kosning aðalmanns í stjórn FV

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/70thing/70vor/thingskjal-8-kosning-adalmanns-i-stjorn-fjordungssambands-vestfirdinga.pdf>

Þingskjal 9. Ályktun – Þrenna sértækra Vestfjarðaskatta.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/70thing/70vor/thingskjal-9-alyktun-70.-fjordungsthings-ad-vori.pdf>